

Nd.

99. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Frá stjórnarskrárnefnd.

1. Við 11. gr.

a. Í stað orðanna „allra atkvæða“ í þriðju málsg. kemur: þingmanna.

b. Í stað „mánaðar“ í sömu málsg. kemur: tveggja mánaða.

c. Fjórðu málsg. skal orða svo:

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna,
og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

2. Við ákvæði um stundarsakir.

Í stað orðanna „kýs sameinað Alþingi forseta“ kemur: kýs sameinað Alþingi
forseta Íslands.